

Fulltrúafundur FF

Stórholti, Borgartúni 30 15. apríl 2024 kl. 11 – 17.

I. Ávarp formanns:

Guðjón Hreinn Hauksson talar frá Akureyri.

Formaður glímir við brjóskað í hálsi og baki og er af þeim sökum í veikindaleyfi en starfsfólk FF og varaformaður hafa umsjón með fundinum. Guðjón nefnir að Oddur Jakobsson, hagfræðingur KÍ muni segja frá stöðu samningamála seinna á fundinum. Eiginlegar samningaviðræður eru ekki hafnar. Samninganefndir aðildarfélaganna og stjórn KÍ hafa ítrekað gefið út að ekki verði samið nema jöfnun launa milli markaða verði náð.

Helga Jóhanna Baldursdóttir varaformaður FF leggur fram tillögu um að Guðmundur Björgvin Gylfason verði fundarstjóri á fundinum og að hún og Jóhanna Björk Guðjónsdóttir skipti með sér ritun fundargerðar. Tillaga er samþykkt með lófataki.

Guðmundur Björgvin tekur við fundarstjórn. Hann minnir á að framboðsfrestur fyrir sæti í samninganefnd og tvö sæti í stjórn Vísindasjóðs rennur út á hádegis.

II. Skýrsla stjórnar

Í fjarveru formanns taka Ingibjörg og Þorbjörn að sér kynningu á skýrslunni. Ingibjörg hefur kynninguna og vísar í textann sem hún byggir á.

Helstu atriði sem fram komu:

- Stjórn félagsins er óbreytt.
- Laust sæti í samninganefnd þar sem Heimir Björnsson hefur hafið kennslu í grunnskóla og er því ekki lengur í FF.
- Mannabreytingar hafa orðið í stjórn Vísindasjóðs, Ósk Guðmundsdóttir hefur látið af störfum við Flensborg og er því ekki lengur í stjórn sjóðsins. Engilbert Imsland óskar eftir að láta af stjórnarstörfum í sjóðnum, svo nú vantar tvo fulltrúa í sjóðsstjórnina.
- Fjölgun hefur orðið í starfsliði FF í samræmi við ákvarðanir síðasta aðalfundar. Varaformaður FF er nú í 50% stöðu og formaður skólamálanefndar í 10% stöðu.
- Á síðasta fulltrúafundi, í maí 2023, var nýbúið að skrifa undir kjarasamning og þar var kveðið á um atriði sem vinna þarf að á samningstímanum:
- Í yfirlýsingu mennta- og barnamálaráðherra í tengslum við samninginn skuldbindur ráðuneytið sig til að vinna í vinnuhópi með fulltrúum FF, FS og skólameistara að skoða samspil þátta í vinnumatí, þ.e. samsetningu nemendahópsins og fjarnáms sérstaklega. Hópurinn hefur fundað 15 sinnum en niðurstaða liggur ekki enn fyrir.

- Áfangasamkomulag um jöfnun launa milli markaða. Fjármagn var lagt í samkomulagið. Unnið var að greiningu og leiðréttingu stofnanasamninga á árinu. Hluti skólanna fékk hækkun á haustönn.

Innskot: Guðjón Ragnar Jónasson (MR) spyr hvort mismunandi launaröðun fyrir sama starf hjá sama launagreiðanda standist lög. Ákveðið að bíða með spurningar þar til kynningu á skýrslu og reikningum er lokið.

- Ályktun fulltrúafundarins í fyrra vegna sameiningarhugmynda framhaldsskóla var líklega lóð á vogarskálarnar í þeirri ákvörðun MMR að leggja af þessar hugmyndir, í bili a.m.k.
- Hópur um starfsnám hefur fundað tvisvar.
- Hópur um sérnámsbrautir hefur einnig fundað.
- Unnið hefur verið að útgáfu nýs heildartexta samningsins og hann verður gefinn út í tengslum við næsta samning.
- Efling starfsnáms er ofarlega á baugi hjá ráðherra menntamála. Hugmyndir um að byggja húsnæði undir starfsnámsskóla o.fl.
- Fréttabréf félagsins, Rauða eplið er gefið út reglulega. Lestur þess er u.þ.b. 40% en þyrfti að vera meiri.
- Félagsdeildirnar eru misvirkar. Starf þeirra er mikilvægt. Trúnaðarmenn eiga að geta svarað helstu spurningum um kjaramál, réttindi og skyldur, en fulltrúar á skrifstofu eru alltaf til reiðu til að aðstoða við slíkt.
- Fólk í félagsstörfum fær núna greidd laun (í stað verktakagreiðslu) fyrir störf sín. Greiðsla til félagsdeilda lækkar því sem því nemur.
- Greitt er núna fyrir skólaárin til félagsdeilda, í stað almanaksára. Skýrsla félagsdeilda er því rituð í lok skólaárs og send til félagsins. Í kjölfar þess fá félagsdeildir greitt frá FF. 29 félagsdeildir eru starfandi í framhaldsskólunum.
- Hluti greiðslanna kemur úr fræðslusjóði sem styður þannig við forystufólkið í félagsdeildunum.
- Vinnumatsnefndir eiga að vera starfandi í skólunum. Haldið var námskeið fyrir fulltrúa í vinnumatsnefndum í haust.
- Simon mun kynna starfsemi skólamálanefndar síðar á fundinum.
- Starfsemi SEF er með svipuðum hætti og áður. Félagsfólk er hvatt til að nýta sér þau námskeið sem eru haldin og styrkt af SEF.
- Erlent samstarf: Norrænu kennarasamtökin: Guðjón og Magnús Þór Jónsson, formaður KÍ, hafa farið á haust- og vorfundi þar sem starfsemin er skipulögð. Simon hefur einnig sótt fundi fyrir hönd FF.
- FF er í tengslum við NERA (rannsóknahóp um menntavísindi).

Umræða:

- Guðmundur Björgvin bendir á að tengsl séu á milli skýrslu stjórnar og ársreikninga, svo hugsanlega sé svör að finna þar við spurningum.
- Guðjón Ragnar Jónasson (MR): Vinnumatsnefndirnar, það þarf að taka fastari tókum hvernig þær eru skipaðar, hafa rétt form á því. Skýrt þarf að vera að tveir fulltrúar séu frá kennaraliðinu og hinir tveir frá stjórnendum. Þessar línur þarf að skerpa. – Ingibjörg svarar því að hlutverk og tilurð

vinnumatsnefnda séu skýr, bæði sé efni á heimasíðu KÍ, vefsíðu vinnumatsins hjá stjórnarráðinu og að námskeið hafi verið haldin.

- Ásbjörg Benediktsdóttir (VMA): Stóð til að senda póst til skólameistara um hlutverk vinnumatsnefnda. Hefur það verið gert? Því gátu starfsmenn ekki svarað en það verður skoðað. Ingibjörg áréttar að það á að vera skýrt skv. kjarasamningi að bæði eiga að vera samstarfsnefnd og vinnumatsnefnd í hverjum skóla. Guðjón Hreinn svarar því til að til hafi staðið að skólameistarar yrðu boðaðir á námskeið en af því hafi enn ekki orðið af ýmsum orsökum.
- Björn Gísli Erlingsson (ME) spurði um vinnu við áfangasamkomulagið. Sýn kennara í ME er að þau hafi ekki komið vel út í þeirri vinnu því horft hefði verið á þætti sem ættu ekki að teljast grunnröðun, þ.e. t.d. þrep vegna fjarkennslu. Ingibjörg nefndi að kallað var eftir gögnum frá skólameisturum og þar sem þrep eru sett á alla kennara sé erfitt að horfa fram hjá því við mat á grunnröðun. Hún skilur vel þennan vanda og sérstöðu ME í þessu máli.
- Magnús Þór Jónsson bregst líka við, bendir á hversu flókin þessu mál séu, þessi „bútasumur“ allra launamyndandi þátta.
- Guðmundur Björgvin: Þetta má taka upp í tengslum við umræðu um kjarasamninga síðar á fundinum.
- Guðjón Ragnar nefndi að hann heyri kvartað undan því í skólum að KÍ sé „uppeldisstöð fyrir skólameistara“, og að skólameistarar, sem þekki sumir hverjir vel til innanhúss í KÍ séu í sambandi við félagið og biðja um ráð. Hann ítrekaði að félagið eigi að gæta hagsmuna félagsmanna og þpaðeigi ekki að vera hlutverk starfsmanna félagsins að aðstoða skólameistara.
- Pjetur St. Arason (VA) nefndi, í tilefni af „bútasaumslíkingu“ Magnúsar að grunnlaunasetning eigi að vera í miðlægum samningum, ekki stofnanasamningum.
- Ingvar Magnússon (FNV) nefndi að félagsdeildir eigi að kjósa í vinnumatsnefnd.
- Þórunn Steindórsdóttir (MS) nefndi að ágreiningur sé í félagsdeildinni í MS um hvort náms- og starfsráðgjafar séu kjörgengir til félagsstarfa, t.d. vinnumatsnefndir og samstarfsnefndir. Skólanefndir líka. Ingibjörg svaraði því til að náms- og starfsráðgjafar eru félagsmenn okkar og eiga að vera kjörgengir í þessar stöður. Skólamálanefnd er ekki á þessum vettvangi. Góð ábending hins vegar varðandi skólanefndir, hvort bara kennarar komi til greina í þær. Í lögum er nefnt að áheyrnarfulltrúa í skólanefnd eigi að tilnefna á kennarafundi. Náms- og starfsráðgjafar eiga seturétt á kennarafundi og ekkert í lagatextanum kemur í veg fyrir að tilnefna megi þá sem áheyrnarfulltrúa.

Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu fundarins.

III. Ársreikningur kynntur.

Hannes Kjartan Þorsteinsson, skrifstofustjóri KÍ kynnti reikninginn.

Hann fór yfir lykiltölur úr rekstrinum og staldraði við fáein atriði sem hann taldi markverð.

- Félagið stendur vel og var rekið með hagnaði. Fræðslusjóður var hins vegar rekinn með tapi annað árið í röð og þannig er félagið farið að ganga á þann höfuðstól eins og til stóð, m.a. með framlögum til félagsdeilda. Tilfni er til að skoða hvort lækka megi félagsgjöld hjá KÍ.
- Andri Þorvarðarson (MR) spyr hvers vegna bókfært verð á fasteigninni á Barónstíg sé svo lágt.
- Hannes útskýrði að markaðsverð væri mun hærra en reglur um bókhald kveði á um að færa skuli eignir á kaupverði með afskriftum. Endurskoðendur sáu ekki ástæðu til að breyta þessu í ársreikningi.
- Þórdís Ása Þórisdóttir (FB) spyr hvers vegna „tap“ á fræðslusjóðnum sé mun lægra 2023 (3 millj) en árið áður, 2022 (9,2 millj)? Þorbjörn nefndi að þetta skýrist með því að framlögin til félagsdeildanna árið 2023 voru einungis fyrir 6 mánuði, því verið sé að breyta greiðslum þannig að þær verði miðaðar við skólaárið í stað almanaksárs.
- Þórdís Ása (FB) er í stjórn vinnudeilusjóðs og gerði athugasemd um að sjóðurinn hafi ekki fengið sendan reikning fyrir árið 2023 frá FF. Guðjón Hreinn sagði að það hefði farist fyrir en úr því verði bætt.

Reikningarnir eru aðgengilegir á heimasíðu fundarins. Hannesi þökkun koman og yfirferðin.

Hádegishlé (12:15-12:45)

IV. Ársskýrsla og reikningar Vísindasjóðs.

Þorbjörn kynnti reikningana í fjarveru Gísla Arnar, formanns stjórnar sjóðsins.

- Þorbjörn fór yfir breytingar á stjórn sem nefndar voru hér fyrir ofan. Auk þeirra varð einnig breyting á skipun fulltrúa FS í sjóðnum, því Anna María Jónsdóttir lét einnig af störfum í VMA og fór úr stjórn. Helga Jóhannsdóttir úr MH er þá aðalmaður en varamann þess félags vantar og hann verður kosinn á aðalfundi FS í júní.
- Rúmlega helmingur af styrkjum sjóðsins fara út úr A-deildinni. Um 1500 félagsmenn fengu úthlutað úr A-deildinni, samtals rúmar 155 milljónir í fyrra. Það er mjög hátt hlutfall og sýnir eflaust hve auðvelt er að sækja um úr sjóðnum. 372 sóttu um styrk fyrir skólaheimsókn í fyrra. 50 milljónir voru veittar í það. Aðrar upplýsingar um styrki má lesa í skýrslunni.
- Tekjur sjóðsins hafa aukist.
- Smám saman gengur á höfuðstólinn, sem er mjög jákvætt.

- Reglubreytingar voru gerðar í fyrra til að einfalda málin. Annað hvort full eða hálf aðild (fer eftir tekjum, hvoru megin við 375.000 fólk sé í tekjum).
- Nýjar reglur um fyrningar (þær verða aflagðar eftir haustið 2024), fyrri reglur voru flóknar og buðu upp á mistök.
- Einnig nýtt að núna getur fólk fengið styrkinn greiddan **fyrir** skólaheimsókn þegar það hefur greitt fyrir ferðina (þarf ekki að bíða eftir að ferðin hefur verið farin).
- Bókhaldskerfi sjóðsins – Komið í sama DK kerfi eins og annað hjá KÍ. Einfaldar málin.

Reikningar sjóðsins kynntir. Þorbjörn gerði það. Sjóðurinn stendur styrkum fótum. Hallarekstur hans nam 26 milljónum en höfuðstóll er enn rúmur. Hallarekstur dregst saman milli ára, m.a. vegna aukinna vaxtatekna. Ársskýrslan og reikningarnir eru aðgengilegir á heimasíðu fundarins.

Fyrirspurnir

- Þórdís Ása (FB) spyr um hækkun um 50% vegna rekstrar tölvukerfis. Þorbjörn telur mögulega verið er að rekstrarfæra „Mínar síður“. Kostnaði dreift á þá sem nýta þetta. Kannski er það skýringin. Þorbjörn mun spyrjast fyrir.
- Unnur Hafstað (MTR): Kemur með tillögu frá kennurum í MTR: Við viljum leggja til að endurmenntunarsjóður KÍ jafni stöðu kennara á landsbyggðinni til samræmis við kennara á höfuðborgarsvæðinu með því að innanlandsferðakostnaður verði greiddur úr sér sjóði en sé ekki hluti af þeirri upphæð sem ætluð er til endurmenntunar, þ.e. 300.000 kr. annað hvert ár, sem í dag er sama upphæð fyrir alla óháð búsetu og þeim aukakostnaði sem hlýst af ferðalögum innanlands. Hafa styrk vegna ferðakostnaðar hærri en fyrir þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Tillögunni er vísað til stjórnar sjóðsins.
- Björn (ME): Bendir á að ekki sé bara um ferðakostnað að ræða, gjarnan þýða þessi ferðalög viðbótarnótt og taka þurfi tillit til þess við endurskoðunina. Athugasemd er vísað með tillögunni til stjórnar sjóðsins.
- Andri (MR): Spyr hvernig haga skuli áminningu til félagsfólks varðandi að fyrningar A-deildar falli niður. Þorbjörn benti á að þetta verði vel auglýst í fréttabréfi í haust þegar opnað verður fyrir styrkinn, en einnig treysti félagið á upplýsingagjöf frá formönnum og trúnaðarmönnum. Guðmundur Björgvin nefndi að það væri kannski gott að minna á þetta í vorepli, fyrir sumarfrí, og svo aftur í haust.
- Guðmundur þakkar starfsmanni og stjórn sjóðsins fyrir vel unnin störf.

V. Simon Cramer Larsen – Skýrsla skólamálanefndar

- Mánaðarlegir fundir nefndarinnar með Guðjóni formanni og Helgu Jóhönnu, varaformanni.
- Nefndin veitir umsögn um menntun, skólaþjónustu, námsgögn, frumvörp og fleira.
- Hún er vakandi fyrir því sem er að gerast varðandi mennta- og skólamál. Umfangsmikið starf t.d. við skriftir umsagna.
- Meðal atriða sem Simon nefnir er að nefndin leggur áherslu á að námsgögn á framhaldsskólastigi verði ókeypis í framtíðinni, helst ekki seinna en 2029.
- Einnig að samstarf sé gott milli skólamálanefnda innan skólamálaráðs KÍ.

Fyrirspurnir

- Þórunn (MS) spyr hvort gerður verði skurkur varðandi námsgögn í framhaldsskólanum?
Simon svaraði því til að beðið sé eftir nýju lögunum og í ljósi þeirra verði að auka verulega í námsefnisgerð.
- Unnur (MTR) spyr hvort ekki vanti vettvang til að deila námsefni á milli kennara?
Simon svaraði því til að það væri gott að hafa gagnagrunn, en sumir vilji ekki deila efninu sínu með öðrum. Þarf að ræða þetta vel. Vonandi mun MMS halda utan um þetta.
- Margrét Benedikts (MK) spyr hvort eitthvað samstarf sé við menntavísindasvið í sambandi við áhrif inngildingar og nýtt námsefni? Í meistaraverkefnum er stundum verið að vinna nýtt námsefni en ekki hægt að koma því á framfæri strax, þó það sé tilbúið til notkunar.
Simon svara að bókaútfendur séu tregir til að taka á móti slíku efni. Skólamálanefnd ætti að geta tekið á móti slíku efni til að leggja mat á notkunargildi þess. Peningaskortur veldur oftast en ekki tregðu til að gefa efni út.
- Erna Guðmundsdóttir (FSN) nefnir að aðgengi að íslenskum þáttum og kvikmyndum sé ábótavant. Óþóðlegt sé að kennarar skuli þurfa að „stela“ slíku, brjóta höfundarrétt eða hvetja nemendur til lögbrota af því tagi.
Margir viðstaddra tóku undir það.

VI. Kjarasamningamál – Oddur Jakobsson

Oddur Jakobsson, hagfræðingur KÍ, hljóp í skarðið í fjarveru formanns og fjallaði um stöðu kjarasamningsmála. Oddur útskýrði fyrir fundarmönnum samhengið við samninga á almenna markaðnum, breytingar á tilfærslukerfunum, áherslu á lækkun verðbólgu og vaxta, mögulegar breytingar vegna framleiðniauka auk nokkurra sérákvæða sem eiga við ákveðna hópa. Grundvallaratriði er að

samkvæmt samningunum eiga laun hinna lægstu að hækka hlutfallslega mest. Fjallað um breytingar á bótakerfunum og skólamáltíðum m.a.

Oddur fjallaði því næst um samninga FF og launaþróun hópsins. Fjallað um þætti sem snúa að því s.s. að stytting vinnuvikunnar er ekki komin til framkvæmda. Kaupmáttur launa okkar hefur dregist saman og meira en hjá viðmiðunarhópum, s.s. BHM..

Fjallaði Oddur um helsta mál á okkar dagskrá, þ.e. jöfnun launa milli markaða. Búið er að taka lítið skref með áfangasamkomulaginu en ekki náðist að teikna upp framhaldið fyrir 16. janúar eins og til stóð. Því hafi málið verið fært á samningsborð félagsins. FF stendur því í því að semja um þetta mál, í samvinnu við önnur félög KÍ. Enn hafa ekki hafist eiginlegar viðræður milli aðila, þó samningurinn hafi runnið út 1. apríl s.l.

Umræður:

Töluvert var rætt um jöfnun launa. Liggur fyrir hver samanburðarhópur á almenna markaðnum er? Því svarar Oddur, já, hann er „sérfræðingar á almennum markaði“. Það er afstaða KÍ en viðsemjendur hafi ekki endilega sömu sýn.

Einnig var umræða um vísitölur, s.s. húsnæðislið í neysluvísitölu o.fl. Oddur nefndi að Hagstofan er að endurskoða þessi mál og þróa nýtt kerfi.

VII. Kosning í trúnaðarstörf

Samþykkt var breytingatillaga að taka kosningar fram fyrir umræður í hópum.

Uppstillingarnefnd skilaði framboðum sem hér segir:

Í samninganefnd: Kristjana Hrönn Árnadóttir (FS). Ekki kom fram móttframboð og skoðast hún því sjálfkjörin í nefndina.

Í stjórn Vísindasjóðs: Helga Valtýsdóttir (Flensburg) og Ægir Friðriksson (MK)

Eftir stutta kynningu sem Ingibjörg sá um í fjarveru beggja, var kosið á milli þeirra.

Niðurstaða kosninga var að Helga Valtýsdóttir hlaut 22 atkvæði en Ægir

Friðriksson 5. Helga er því réttkjörin aðalmaður í stjórn sjóðsins og Ægir

varamaður.

VIII. Umræður í hópum: Staða kjaramála og möguleg viðbrögð stéttarinnar

Viðstöddum var skipt í 4 umræðuhópa sem komu sér fyrir í 4 fundarherbergjum til umræðna.

Að loknum umræðum hittist hópurinn í heild og farið var yfir það sem þar kom fram. Meðal þess sem þar kom fram var:

- Spurning um hvort dreifstýring launaröðunar sé yfirhöfuð lögleg, þ.e. hvort sami launagreiðandi geti greitt fólki mismunandi laun fyrir sömu vinnu eftir því hvar þeir eru?
- Fjallað var um hvernig heildarlaun skekki stöðugt myndina hjá framhaldsskólakennurum.
- Fjallað um styttingu vinnuvikunnar og hvernig hægt sé að framkvæma hana.

- Fjallað um B-hluta vinnutímans og þróun hans, endurmenntunartímann, faglega ásjáð stéttarinnar, sem nauðsynlegt sé að standa vörð um.
- Rætt um mögulegar aðgerðir, þ.e. verkföll, náist ekki samningar og almennt kom fram sú skoðun að stéttin sé tilbúin til þess.
- Fulltrúar samninganefndar voru hvattir til að selja engin réttindi.
- Varað var við langtímasamningum nema jöfnunin verði gerð upp að fullu.

IX. Önnur mál

Nokkur almenn umræða fór fram áfram um málefni félagsins. Engin afmörkuð önnur mál voru sett fram. Meðal punkta sem fram komu í umræðum voru þessir:

- Fjallað um röð samninga, hvers vegna FF er svo aftarlega sem raun ber vitni.
- Fjallað um hvort reyna megi á lögmæti þess að raða fólki mismunandi fyrir sömu störf.
- Fjallað um lögmæti uppsagna vegna aldurs, þ.e. hvort það sé brot að segja fólki upp við sjötugt. Hér gætu breytingar á lífeyri haft áhrif þegar fram í sækir.
- Umfjöllun um námsleyfin og breytingar á reglum um úthlutun þeirra.
- Aldursdreifing fólks sem fær námsorlof skoðuð, þar sem fram kemur að stærstur hluti þeirra er milli fimmtugs og sextugs.
- Jóhanna Björk (KVSK) nefndi að hún hafi sett fram tillögur að breytingum á fyrirkomulagi úthlutunar námsorlofa og vonar að hugmyndir hennar fái fljótlega brautargengi.
- Fram kom athugasemd um að faggreinafélögin hafi of mikið vægi í vali á fólki í skólamálanefnd. Um það voru skiptar skoðanir.

Fundi var slitið kl. 17:01

Fundarritarar voru Jóhanna Björk Guðjónsdóttir og Helga Jóhanna Baldursdóttir. Frágangur fundargerðar var í höndum Þorbjarnar Rúnarssonar.